

Ed.

442. Frumvarp til laga

[211. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo: Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

2. gr.

16. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo: Árlegar tekjur áhafnadeildarinnar eru af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

3. gr.

Í stað c. og d. liða 1. gr. laga nr. 55/1973, um breyting á lögum nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 99/1975, um breyting á þeim lögum, komi nýr c-liður og orðist svo, en aðrir liðir merkist samkvæmt því:

- c) Til viðbótar tekjum sjóðsins samkvæmt b-lið, greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum samkvæmt b-lið.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða orðist svo:
Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum. Gjald þetta fer eftir lögum um útflutningsgjald.

5. gr.

2. gr. laga nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð orðist svo:

Tekjur Fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir Fiskimálasjóðs er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. nr. 75 31. desember 1937.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
3. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Heimilt er stjórn Fiskimálasjóðs, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 milljónum króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd rikissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins og setningu nýrra laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum, eru öll tekjuákvæði sjóðanna numin úr viðkomandi lögum og felld í ein lög um útflutningsgjald.

Með frumvarpi þessu er í aðalatriðum lagt til, að í stað tekjuákvæða í lögum viðkomandi sjóða, sem nú eru úr gildi fallin, komi ný ákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald. Breytingar þessar eru strangt tekið ekki nauðsynlegar, sjá þó 3. gr. frumvarpsins, en eru til þess fallnar að leggja áherslu á þá megin reglu, sem nú hefur verið upp tekin, að útflutningsgjald af sjávarafurðum sé ekki lagt á nema með einum lögum. Ennfremur ætti breyting sú sem frumvarp þetta felur í sér að vera til einföldunar og skýringar viðkomandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um Aflatryggingarsjóð, voru árlegar tekjur sjóðsins 1¼% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða annarra en þeirra, sem komu frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum. Ákvæði þetta var felld úr lögum með 14. gr. laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Með vísan til röksemda í almennum athugasemdum að framan, er hér lagt til, að í stað tekjuákvæðis 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna um Aflatryggingarsjóð, komi nýtt ákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 55/1973 og lögum nr. 99/1975, var sú breyting gerð á 4. gr. laga nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð, að bætt var við stafliðunum c. og d. og tekjur sjóðsins þar með auknar um 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða skv. c-lið, og um jafnhátt framlag frá rikissjóði árlega skv. d-lið.

Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum var c-liður greinarinnar felldur niður og 1% gjaldið þar með felld inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur því d-liður, um framlag ríkissjóðs. Og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir, vísar hann aðeins til c-liðar um jafnhátt framlag.

Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar nemur framlag ríkissjóðs í þessu tilfelli $\frac{3}{4}$ hlutum tekna Fiskveiðisjóðs samkvæmt lögum um útflutningsgjald og er því lagt til í frumvarpi þessu að þannig verði greinin orðuð.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar kemur í stað ákvæðis um 1.5% útflutningsgjald í lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Um 5. gr.

Í 2. lið 2. gr. laga nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð, er kveðið svo á um tekjur sjóðsins, að hann fái tekjur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri sild, er nemi $\frac{1}{2}$ % af f.o.b.-verðmæti þeirra. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 66/1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, án þess þó, að lögum sjóðsins hafi verið breytt til samræmingar.

Ákvæði þetta er nú niðurfallið með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum og ber frumvarp þetta það með sér.

Í stað 3. liðar sem gildi aðeins í 10 ár frá gildistöku laganna 1947, er hér lagt til, að tekið verði upp nýtt tekjuákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald.

Þar sem framangreindar breytingar hafa í för með sér talsverðar tilfærslur liða, er greinin tekin í heild upp í frumvarp þetta.